

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

41. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2026, föstudaginn 13. febrúar kl. 8:30, var haldinn 41. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir og Anne Berit Vikse.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 41. fund sveitarstjórnar
*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd .
Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóra ásamt umsjónarmanni fasteigna verði falið að kaupa bílaklippur í nýju slökkvibifreiðina að því gefnu að viðunandi tilboð fáiast í klippurnar.
Sveitarstjórn leggur til að eldri slökkvibifreið verði seld og sveitarstjóra ásamt umsjónarmanni fasteigna falið að koma á samningum við þá aðila sem hafa falast eftir henni til kaups.
Verðviðmið fyrir eldri slökkvibifreið verði á sama grundvelli og hún var keypt.
Sveitarstjórn leggur til að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Súðavík til samræmis við uppbyggingaráform.
Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að skoðaðar verði aðstæður á þeim hluta Súðavíkurhlíðar þar sem slys varð nú fyrr í febrúar, hvort unnt sé að gera úrbætur til þess að auka umferðaröryggi.*
2. Fundargerð 50. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 5.2.2026
*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.
Anne Berit Vikse vikur af fundi 11:20.*
3. Byggðakvóti Súðavíkur 2025/2026 – sérreglur Súðavíkurrepps
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta öllum byggðakvóta Súðavíkur til frístundaveiðibáta, 30 tonnum auk 30 tonna eftistöðva – alls 60 þorskígildistonnum.
Anne Berit Vikse kemur aftur inn á fundinn kl. 11:25.*
4. Skólastjóri – starfslok ofl.
Skólastjóri Súðavíkurskóla mun láta af störfum 1. febrúar 2027. Auglýst verður eftir nýjum skólastjóra og í þær stöður sem lausar eru við skólann.
5. Erindi til sveitarstjórnar vegna Vigur – tölvupóstur dags. 30.1.2026
Með vísan í erindi frá lögmanni dags. 30.1.2026 fh. eigenda Vigur sér Súðavíkurreppur sér ekki fært að taka yfir hafnsögu í Vigur eins og lagt var upp með. Ekki er eining meðal aðila um framhald hafnarmála og þarf sveitarfélagið því að bregðast við og taka afstöðu til erindisins. Súðavíkurreppur hafnar alfarið bótaskyldu eins og ýjað er að í erindi lögmanns. Forsaga málsins verður yfirfarin og þau samskipti sem fram hafa farið milli aðila.

KOK

EVS.

BST

6. Fiskeldissjóður – umsóknir
Sveitarstjórn leggur til að sótt verði um 5 verkefni sem verða útfærð nánar.
7. Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Súðavík
Súðavíkurreppur mun taka afstöðu til þeirra tilboða sem verið er að vinna og ákvarða framhaldið út frá þeim. Sveitarstjórn mun auglýsa lausar lóðir og kanna áhuga á uppbyggingu innan Súðavíkur, en um 12 lóðir eru klárar til úthlutunar.
8. Lausnir fyrir líkamsrækt
Sveitarstjórn leggur til að skoðað verði frekar með viðbyggingu við Súðavíkurskóla og leita tilboða í viðbyggingu.
9. Svæðisskipulag Vestfjarða – tillaga að svæðisskipulagi Vestfjarða til auglýsingar
Lagt fram til kynningar fyrir sveitarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:35

Anne B. Vikse

Anne Berit Vikse

Sigurdís Samúelsdóttir

Sigurdís Samúelsdóttir

Bragi Þór Thoroddsen

Bragi Þór Thoroddsen

Eiríkur Valgeir Scott

Eiríkur Valgeir Scott

Kristján Rúnar Kristjánsson

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti